

**Ed.**

**526. Breytingartillögur**

[50. mál]

við frv. til l. um ríkisábyrgð á launum.

Frá félagsmálanefnd.

1. Við 4. gr. Greinin orðist svo:

Ábyrgð ríkissjóðs tekur til eftirfarandi krafna í bú vinnuveitanda sem viðurkenndar hafa verið sem forgangskröfur í búíð samkvæmt 84. gr. laga nr. 3/1878 (sbr. 1. gr. l. nr. 23/1979), sbr. þó 9. gr.:

- a. kröfu launþega um vinnulaun fyrir sex síðustu starfsmánuði hans hjá vinnuveitanda, að því leyti sem það tímabil fellur innan tímamarka þeirra sem vinnulaunakröfu fylgir forgangsréttur í búí,
- b. kröfu launþega um orlofsfé sem fallið hefur til vegna launa hans síðustu tólf starfsmánuði hjá vinnuveitanda, að því leyti sem það tímabil fellur innan tímamarka þeirra sem orlofsjárkröfu fylgir forgangsréttur í búí,
- c. kröfu viðurkennds lífeyrissjóðs vegna vangoldinna lífeyrissjóðsiðgjaldala, bæði iðgjaldahluta launþega og vinnuveitanda, að því leyti sem það tímabil fellur innan tímamarka þeirra sem kröfunni fylgir forgangsréttur í búí,
- d. bóta vegna riftunar eða uppsagnar vinnusamnings,
- e. bóta til launþega eða þess sem tilkall á til bóta vegna dauðsfalls hans sem vinnuveitanda ber að greiða vegna tjóns af völdum vinnuslyss,
- f. kostnaðar sem launþegi eða sá er krefst bóta samkvæmt e-lið hefur orðið að greiða vegna nauðsynlegra ráðstafana til innheimtu kröfu sinnar, enda sýni hann fram á að tilraunir til innheimtu hafi hafist áður en starfsemi vinnuveitanda hætti að mestu eða öllu,
- g. almennra sparisjóðsvaxta af kröfum samkvæmt staflíðum a—e, frá gjalddaga þeirra til þess dags sem félagsmálaráðherra ákveður að kröfuna skuli greiða úr ríkissjóði.

Ábyrgð ríkissjóðs nær til greiðslna samkvæmt staflíðum f og g þó að þær kröfur njóti ekki forgangsréttar í búí vinnuveitanda.

2. Við 5. gr. 1. mgr. orðist svo:

Eftirtaldir launþegar geta þó ekki krafist ríkissjóð um greiðslu krafna samkvæmt a-, b-, c- og d-liðum 1. mgr. 4. gr.:

3. Við 6. gr. Greinin orðist svo:

Ef innköllun hefur verið gefin út í bú vinnuveitanda verður greiðslukrafa á hendur ríkissjóði því aðeins tekin til greina að hún berist félagsmálaráðherra innan sex mánaða frá þeirri birtingu innköllunar í Lögbirtingablaði er ræður lokum kröfulýsingarfrests í búíð. Félagsmálaráðherra er þó heimilt að taka til greina kröfu er berst innan tólf mánaða frá birtingu innköllunar ef sýnt er að kröfuna hafi ekki verið hægt að gera fyrr.